

Umsögn Samtaka hernaðarandstæðinga, SHA, um þingsályktunartillögu um stefnu um stuðning Íslands við Úkraínu 2024–2028.

Utanríkisráðherra hefur lagt fyrir Alþingi þingsályktunartillögu um stefnu um stuðning Íslands við Úkraínu 2024–2028. Þessi ályktun hefur farið í gegnum fyrri umræðu á Alþingi og utanríkismálanefnd hefur samþykkt hana einróma og óbreytta. Ályktun þessi á nú eftir að fara til annarrar umræðu á Alþingi.

Í ályktun þessari ægir saman friðarhjali og vísun í stefnu Íslands sem herlauss ríkis annars vegar og hins vegar er þar boðuð bein þátttaka Íslands í stríðsrekstri með fjármögnun og aðgerðum, kaupum á hergögnum og flutningi hergagna. Einnig er þar hvatning til íslenskra fyrirtækja til að framleiða vörur fyrir heri. Þar er hlutleysi íslensks björgunarliðs líka ógnað með því að svifta þær hlutleysi sínu ef stríð geisar, með því að fela Landhelgisgæslunni að þjálfa erlenda sjóliða og að falast eftir búnaði frá íslenskum neyðarviðbragðsaðilum.

Að þessi samsuða gangi athugasemdalaust í gegnum Alþingi bendir til að vandamál við lesskilning sé víðar að finna en í grunnskólum landsins. Að minnsta kosti virðast þingmenn hafa skilið greinargerðina með ályktuninni hver á sinn hentuga hátt.

Á Íslandi er skiljanlega ríkur stuðningur við íbúa Úkraínu eftir hernaðarinnrás Rússlands og hernám hluta Úkraínu. SHA lýsa stuðningi við að veita íbúum Úkraínu mannúðaraðstoð og að veita þeim sem hingað leita vegna stríðsins hæli meðan þess er óskað. Þá styðja SHA líka að Úkraínu verði veittur stuðningur til enduruppbyggingar innviða landsins og að koma atvinnulífi og mannlífi sem fyrst í gott horf að stríðinu loknu. SHA hafna hins vegar alfarið öllum aðgerðum og fjármögnun Íslands á stríðsrekstri í Úkraínu. Alls staðar þar sem orðið varnir er notað í þingsályktuninni kemur fram að þar er átt við beitingu hernaðar. Slíkt fer ekkert á milli mála, enda áréttað með lýsingum á því að þar sé lagt til að kaupa vopn og flytja hergögn. Slíkar aðgerðir eru algjör stefnubreyting frá því hvernig Ísland hefur hingað til beitt sér sem herlaust ríki þrátt fyrir aðild sína að hernaðarbandalaginu NATO.

Í þingsályktunartillögunni er vitnað til Þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland þar sem sé kveðið á um að „tryggja víðtæka öryggishagsmuni Íslands með virku alþjóðasamstarfi á grundvelli alþjóðalaga og með friðsamlega lausn deilumála, afvopnun, virðingu fyrir lýðræðislegum gildum, mannréttindum og réttarríkinu, jafnrétti kynjanna og baráttu gegn ójöfnuði, hungri og fátækt að leiðarljósi.“ Síðan eru taldir upp fimm þættir sem Ísland leggur áherslu á í stuðningi sínum við Úkraínu og eru þeir nánar útfærðir í greinargerðinni. Þar er vaðið úr einu í annað sitt á hvað að tala um heilbrigða aðstoð við fólk í neyð og svo hitt að auka á stríðshörmungar þeirra með viðvarandi hernaði. Fjárframlög til stríðsreksturs kallast að leggja fjárframlög í stuðningssjóð, sem er í raun bara ætlað að borga fyrir hergögn og eldsneyti á bálið.

Í fyrsta lið er talað um virkari samskipti íslenskra stjórnvalda við þau úkraínsku. Í öðrum lið er boðaður stuðningur við að Úkraína verði virkari þátttakandi í evrópsku samstarfi og að sú vegferð feli í sér víðtækar umbætur á stjórnarháttum í landinu, aðgerðir gegn spillingu, eflingu mannréttinda og kynjajafnréttis og stuðningur við að halda reglur réttarríkisins í heiðri. Í fjórða lið er fjallað um mannúðaraðstoð við íbúa Úkraínu og vernd óbreyttra borgara í átökum. Mannúðaraðstoðin skal miða að því að bjarga mannlífum, draga úr þjáningu, vernda óbreytta borgara og tryggja nauðpurftir ásamt því að auðvelda fólki afturhvarf til eðlilegra lífshátta. Hins vegar fer stríðshyggjan hamförum í þriðja lið ályktunarinnar þar sem útfært er á hvern hátt sé lagt til að taka virkan þátt í stríðinu. Reyndar er þegar byrjað að vinna eftir þeirri stefnu þótt hún hafi ekki ennþá verið samþykkt á Alþingi. Þar er fjallað um fjármögnun stríðsrekstrarins, þjálfun sjóliða hjá Landhelgisgæslu Íslands, vísað í að

veitt hafi verið margvísleg hjálpargögn svo sem færanleg sjúkrahús og rafstöðvar og þar hnýtt við vopnum og hergagnaflutningum eins og þetta sé allt í eðlilegu samhengi. Loks er þar stungið upp á að íslenskar hjálparsvéitir geti gefið eitthvað af búnaði sínum til úkraínska hersins. Þarna er verið að setja stríðsstimpil á þær björgunarsveitir sem íslenskt þjóðfélag reiðir sig á.

SHA mótmæla harðlega þessu broti á þeirri þjóðarsátt sem ríkt hefur um að Ísland taki ekki þátt í stríðsrekstri neins staðar og ítreka andstöðu við það að Ísland kaupi hergögn handa einum né neinum. Ísland á aldrei að taka þátt í neinu stríði með stuðningi við vígvæðingu. Að taka pólitíska afstöðu með málstað eins stríðsaðila er alls ekki það sama og að leggja stríðsrekstri lið með fé, hergögnum eða her. Það veitir ekki af að einhver þjóð í heiminum þori að standa með friði þegar aðrar standa í stríði.

Þá vekja SHA athygli á því að hvergi í þessari ályktun er hvatt til þess að gert verði vopnahlé og að fundin verði lausn til friðar í Úkraínu. Þar er heldur ekki boðist til að bjóða aðstöðu til friðarviðræðna eða aðstoð til að ná samningum um frið. Samt er aðstoð við að koma á friði sá mikilvægasti stuðningur sem Ísland getur veitt íbúum Úkraínu.